

um till. til þál. um rannsókn á kali í tünnum o. fl.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Efni tillögunnar á þskj. 123 (101. mál) er að fela ríkisstjórninni að hlutast til um það við atvinnudeild háskólans, að sérfræðingar hennar í jarðrækt einbeiti sér að rannsókn á orsökum kals í tünnum, enda verði sú rannsókn studd með sérstöku fjárframlagi og niðurstöður hennar gefnar út ásamt leiðbeiningum, sem rannsóknin kann að gefa tilefni til. Er í tillögunni bent á nokkur atriði, sem sérstaklega er talin þörf á að rannsaka í þessu sambandi.

Engan þarf að undra, að tillaga sú, sem hér er um að ræða, er fram komin á þessu þingi. Bændum, sem í hlut áttu, og þeim, sem lögðu leið sína um landið um það leyti, sem jörð tók að grænka í vor sem leið (1962), er minnstætt, hvornig tün voru þá víða útleikin eftir veturinn. Rýrnun á töðufeng vegna kalskemmdanna hefur valdið landbúnaðinum stórtjóni á árinu sem leið, og miklu fé hefur verið eytt án árangurs til að bera á jörð, sem að þessu sinni gat lítinn eða engan ávöxt borið.

Kalið í tünunum er plága, sem alltaf vofir yfir. Dr. Sturla Friðriksson áttlar, að kalskemmdir, sem fram komu á árinu 1951, hafi átt drýgstan þátt í að rýra hefynd landsmanna það ár um rúml. 300 þús. hesta, og metur tjónið á 30 milljónir króna, miðað við peningagildi þess árs. Kalskemmda gætti einnig mjög sumarið 1952. Þessi áföll urðu til þess, að fram fór á árunum 1951—52, á vegum atvinnudeildar háskólans, „athugun á kali og gróðurfari 288 slétna á 130 bæjum sunnan- og norðanlands“ og birti atvinnudeildin (dr. Sturla Friðriksson) árangur þeirrar athugunar í B-flokki nr. 7 af ritum deildarinnar árið 1954. Er í riti þessu mikinn fróðleik að finna. Í niðurlagi skýrslunnar tekur dr. Sturla það þó fram, að ekki megi „líta á árangur athugananna sem endanlegar niðurstöður eða tillögur um endurbætur, sem einhlíta lausn á vandamálinum, heldur verði að skoða þessa athugun sem einn þátt í þeirri rannsókn, sem nauðsynlegt er að gera, til þess að hægt sé að finna nokkra úrbót“, enda hafi aðeins verið rannsakaður lítill hluti „þess lands, sem um er að ræða“.

Í greinargerð tillögunnar á þskj. 123 er það réttilega fram tekið, að enn standi menn yfirleitt uppi ráðalitlir gagnvart kal-plágunni, enda viti menn enn ógerla, af hverju kalið stafi, nema þá í sumum tilfellum, eða hvaða ráð séu til að hefta hana eða draga úr henni, enda þótt hitt og þetta hafi verið leitt í ljós, t. d. ýmislegt um mismun á þoli grastegundanna, að því er virðist. Að því verður að stefna, að hægt sé að gefa sem áreiðanlegastar leiðbeiningar og að eftir þeim sé farið.

Tillagan hefur verið send til umsagnar Búnaðarfélagi Íslands, Stéttarsambandi bænda og atvinnudeild háskólans (landbúnaðardeild). Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda mæla með tillögunni (hið síðarnefnda með einni breytingu) og umsögn atvinnudeildarinnar er einnig jákvæð.

Umsögn atvinnudeildarinnar fylgdi frumrit skýrslu frá 1954 um kal í tünnum, ársskýrsla um rannsókn á nytjajurtum og erfðafræði 1958 og skýrsla til búnaðarmálastjóra um kalskemmdir í tünnum í Suður-Þingeyjarsýslu (1962) frá dr. Sturla Friðrikssyni, en dr. Sturla ferðaðist um sýsluna s. l. sumar ásamt Skafta Benediktssyni héraðsráðunaut til að athuga skemmdirnar.

Minni hl. telur rétt og skylt, að fram komi ákveðinn, jákvæður þingvilji í þessu mikla vandamáli landbúnaðarins, og þá m. a. það, að Alþingi ætlist til, að ríkisstjórnin láti atvinnudeildinni í té fjárframlag í ríflegri lagi til áframhaldandi rannsóknar- og leiðbeiningastarfsemi á þessu sviði. Minni hl. mælir með því, að tillagan á þskj. 123 verði samþykkt með svofelldri

#### BREYTINGU:

Á eftir 5. tölul. tillgr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Jafnframt verði í tilraunastöðvum gerðar ræktunartilraunir til að leita að þeirri ræktunaraðferð, svo sem varðandi jarðvinnslu, grastegundir og meðferð landsins, sem bezt standist gegn kalinu.

Alþingi, 5. apríl 1963.

Gísli Guðmundsson.  
frsm.

Björn Pálsson.

Geir Gunnarsson.